

**24. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
7. október 2015 og hófst hann kl. 17:30**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1509380 - Samskipti við aðstandendur**

Vísað til trúnaðarbókunar velferðar- og mannréttindaráðs.

Bylgja Mist yfirgaf fundinn kl. 18 og Laufey Jónsdóttir mætti á fundinn.

**2. 1408033 - Samningur um þrif í heimahúsum**

Samningur við Húsfélagþjónustuna um þrif í heimahúsum í heimaþjónustu sem gerður var í janúar 2015 rennur úr 30. október.

*Velferðar- og mannréttindaráð mælist til að gerð verði verðkönnun meðal fyrirtækja sem bjóða upp á hreingerningþjónustu miðað við óbreyttar forsendur.*

**3. 1502124 - Samþætting heimaþjónustu og heimahjúkrunar**

Samþætting heimaþjónustu og heimahjúkrunar hefur verið starfandi frá því í september 2006. Farið yfir forsendur þeirrar samþættingar og forsendur samstarfs um innlit heimaþjónustu á kvöldin og um helgar.

*Umfang innlitsþjónustu hefur verið meira að undanfögnu en reiknað var með í upphafi og kostnaður meiri. Í ljósi þess að kostnaður við heimaþjónustu hefur vaxið og þörf er á að forgangsraða í þjónustunni er lagt til að þjónustan verði endurskoðuð. Sviðsstjóra falið að kynna hugmyndir um breytingar fyrir fulltrúum HVE.*

Laufey yfirgaf fundinn.


**4. 1509212 - Forsendur fjárhagsáætlunar Velferðar- og mannréttindasviðs 2016**

Umræður um áherslur velferðar- og mannréttindaráðs og forgangsröðun verkefna vegna vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2016.

**5. 1510028 - Þjónustusvæði í málefnum fatlaðra**

Tekið á dagskrá með samþykki allra fundarmanna.

Árið 2010 sótti Akraneskaupstaður um undanþágu frá stærðarviðmiðum um þjónustusvæði í málefnum fatlaðra en var synjað. Spurnir hafa borist af því að erindi þriggja sveitarfélaga sama efnis séu nú til meðferðar í Velferðarráðnueyti. Umræður um það hvort Akraneskaupstaður eigi að sækja um undanþágu að nýju.

VG 

*Velferðar- og mannréttindaráð lýsir sig meðmælt því að sótt verði um undanþágu. Sviðsstjóra falið að undirbúa unmsókn og upplýsa samstarfsaðila.*

**6. 1510030 - Nordplus námskeið í Litháen**

Akraneskaupstað hefur verið boðið að taka þátt í Nordplus verkefni um atvinnumál minnihlutahópa. Óskað er eftir heimild til að senda starfsmann félagsþjónustu á samráðsfund í Litháen 20.-23. október í tengslum við verkefnið. Sveitarfélagið ber ekki kostnað af þátttöku annan en laun starfsmannsins.

*Ráðið samþykkir beiðnina.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30.**

*Vilborg P. Guðbjartsd.*  
*Einar Þ. Bránn*  
*Ólafur Þ.*  
*Fuglþingur Balundur,*  
*þu Hórn*